







Skólinn

Vinnuhefti











<p>1.</p>  <p>Hann reiknar</p>	<p>2.</p>  <p>Hann er í leikfimi</p>
<p>3.</p>  <p>Hann eldar mat</p>	<p>4.</p>  <p>Hún syngur</p>
<p>5.</p>  <p>Hún skrifar</p>	<p>6.</p>  <p>Hann les</p>

Magnús er 8 ára. Hann er í skóla. Hann er í þriðja bekk. Það eru 24 nemendur í bekknum. Það eru 14 stelpur og 10 strákar. Kennari Magnúsar heitir Birna. Magnús er í skólanum frá mánudegi til föstudags. Hann á frí á laugardögum og sunnudögum. hann er í skólanum frá klukkan 8 til klukkan 13 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum og frá klukkan 8 til klukkan 14 á þriðjudögum og fimmtudögum. Magnús les, skrifar og reiknar í skólanum. Hann fer í tónmennt og í leikfimi og sund. Hann eldar líka mat í skólanum í heimilisfræði. Sum verkefni vinnur hann í spjalddölvu.

Stundaskrá

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8 – 9	Íslenska	Stærðfræði	Leikfimi	Þema	Myndmennt
9 – 10	Stærðfræði	Íslenska	stærðfræði	Þema	Myndmennt
10 – 11	Leikfimi	Samfélagsfræði	Náttúrufræði	Íslenska	Íslenska
11 – 12	Matur og útivist	Matur og útivist	Matur og útivist	Matur og útivist	Matur og útivist
12 - 13	Tónmennt	Heimilisfræði	Íslenska	Valtími	Stærðfræði
13 - 14		Heimilisfræði		Sund	

<p>Íslenska</p> <p><i>Icelandic alphabet</i> (Íslenska stafrita)</p> <p>Aa Áá Bb Dd Ðð Ee Éé Ff Gg Hh Íí Jj Kk Ll Mm Nn Oo Óó Pp Rr Ss Tt Uu Úú Vv Xx Yy Ýý Þþ Ææ Öö</p>	<p>Stærðfræði</p> 	<p>Leikfimi</p> 
<p>Tónmennt</p> 	<p>Samfélagsfræði</p> 	<p>Náttúrufræði</p> 
<p>Matreiðsla</p> 	<p>Myndmennt</p> 	<p>Valtími</p> 

Magnús talar við Óla



1.

Óli: Í hvaða bekk ert þú, Magnús?

Magnús: Ég er í þriðja bekk.

Óli: Finnst þér gaman í skólanum?

Magnús: Já, mér finnst gaman í skólanum.

Óli: Hvað heitir umsjónarkennarinn þinn?

Magnús: Hún heitir Birna.

Óli: Líkar þér vel við hana?

Magnús: Já, hún er mjög góð.

Óli: Hvað eru margir krakkar í bekknum þínum?

Magnús: Það eru 24 krakkar.

2.

Óli: Finnst þér gaman í íslensku?

Magnús: Já, mér finnst gaman í íslensku.

Óli: Hvað gerið þið í íslensku?

Magnús: Við lesum, skrifum, tölum saman og vinnum stundum verkefni í spjaldtölvunni.

Óli: Finnst þér gaman í stærðfræði?

Magnús: Já, en hún getur stundum verið erfið.



shutterstock.com - 704110303

Tafla



Töflutúss



Heimskort



Pappír



Bók



Skæri



Spjaldtölva



Penni

-  **Hann er gulur – hún er gul – það er gult**
-  **Hann er rauður – hún er rauð – það er rautt**
-  **hann er grænn – hún er græn – það er grænt**
-  **hann er blár – hún er blá – það er blátt**
-  **hann er svartur – hún er svört – það er svart**
-  **hann er hvítur – hún er hvít – það er hvítt**
-  **hann er appelsínugulur – hún er appelsínugul – það er appelsínugult**

Hvernig er penninn á litinn? Hann er _____

Hvernig er taflan á litinn? Hún er _____

Hvernig er pappírinn á litinn? Hann er _____

Hvernig er bókin á litinn? Hún er _____

Hvernig eru skærin á litinn? Þau eru _____

Hvernig er spjaldtölvan á litinn? Hún er _____

Hvernig er heimskortið á litinn? Það er _____

Hvernig er töflutússinn á litinn? Hann er _____

Skrifaðu textann upp:

Magnús er í þriðja bekk. Það eru 24 krakkar í bekknum. Kennarinn hans heitir Birna. Magnúsi finnst gaman í skólanum. Hann lærir íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, leikfimi, söng og margt fleira.

Nesti og hádegismatur:

Klukkan er 9:30 og börnin borða nesti. Nestistíminn er 15 mínútur. Magnús er með nesti. Hann er með banana og brauð með osti. Hann drekkur vatn með. Í hádeginu fer Magnús í matsalinn og borðar hádegismat. Í dag er pasta í matinn og brauð og salat. Uppáhaldsmaturinn hans Magnúsar er pizza. Það er ekki oft pizza í matinn í skólanum. Magnús borðar alltaf hádegismatinn sinn og fær sér grænmeti með og ávexti á eftir.

Krossaðu við rétt svar:

Klukkan hvað er nestistíminn?

- klukkan 9:15
- Klukkan 9:30
- Klukkan 9:00
- Klukkan 9:45

Hvað er Magnús með í nesti?

- Epli og banana
- Brauð með skinku
- Banana og brauð með osti
- Banana og mangó

Hvað er í matinn í dag?

- Pizza
- Pasta og brauð og salat
- Súpa og brauð
- Kjötbollur og kartöflumús